# REGLUGERÐ

**um sérstakt tímabundið vörugjald.**

## I. KAFLI

**Sérstakt vörugjald.**

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 03.01.11 | 08.10.00 | 11.02.10 | 17.01.25 |
| 04.06.00 | 08.11.00 | 11.02.29 | 17.01.26 |
| 04.07.00 | 08.12.01 | 11.02.31 | 17.01.27 |
| 05.13.00 | 08.12.02 | 11.02.32 | 17.01.29 |
| 06.02.01 | 08.12.03 | 11.04.00 | 17.02.01 |
| 06.02.09 | 08.12.09 | 11.05.01 | 17.02.02 |
| 06.04.01 | 08.13.00 | 11.05.09 | 17.02.03 |
| 06.04.09 | 09.03.00 | 11.08.01 | 17.02.04 |
| 07.02.00[1]) | 09.04.00 | 11.08.02 | 17.02.09 |
| 07.03.00 | 09.05.00 | 11.08.03 | 17.03.02 |
| 07.05.00 | 09.06.00 | 11.08.09 | 17.03.09 |
| 07.04.00 | 09.07.00 | 11.09.00 | 17.04.01 |
| 07.06.00 | 09.08.00 | 13.03.03 | 17.04.02 |
| 08.01.50 | 09.09.00 | 16.03.00 | 17.04.03 |
| 08.01.60 | 09.10.10 | 17.01.10 | 17.04.04 |
| 08.01.79 | 09.10.20 | 17.01.21 | 17.04.05 |
| 08.03.00 | 11.01.23 | 17.01.22 | 17.04.06 |
| 08.04.21 | 11.01.24 | 17.01.23 | 17.04.09 |
| 08.04.22 | 11.01.25 | 17.01.24 | 18.06.04 |

1) Þó ekki kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

| | | | |
|---|---|---|---|
| 18.05.01 | 21.02.19 | 39.01.79 | 44.03.49 |
| 18.05.09 | 21.02.20 | 39.01.89 | 44.04.10 |
| 18.06.01 | 21.03.00 | 39.01.96 | 44.04.20 |
| 18.06.02 | 21.04.01 | 39.02.16 | 44.09.23 |
| 18.06.03 | 21.04.02 | 39.02.24 | 44.09.29 |
| 18.06.05 | 21.04.09 | 39.02.37 | 44.13.11 |
| 18.06.06 | 21.05.11 | 39.02.45 | 44.13.19 |
| 18.06.09 | 21.05.19 | 39.02.46 | 44.22.09 |
| 19.02.01 | 21.05.21 | 39.02.48 | 44.25.09 |
| 19.02.02 | 21.06.01 | 39.02.52 | 45.02.00 |
| 19.02.09 | 21.06.02 | 39.02.62 | 45.03.09 |
| 19.03.00 | 21.07.01 | 39.02.63 | 45.04.02 |
| 19.04.01 | 21.07.02 | 39.02.65 | 48.05.10 |
| 19.04.09 | 21.07.04 | 39.02.67 | 48.05.49 |
| 19.05.00 | 21.07.05 | 39.02.73 | 48.07.31 |
| 19.07.01 | 21.07.06 | 39.02.94 | 48.07.45 |
| 19.07.02 | 21.07.07 | 39.03.14 | 48.07.46 |
| 19.07.09 | 21.07.08 | 39.03.35 | 48.10.00 |
| 19.08.01 | 21.07.11 | 39.03.55 | 48.11.00 |
| 19.08.02 | 21.07.12 | 39.03.83 | 48.12.00 |
| 19.08.03 | 21.07.19 | 39.04.09 | 48.13.00 |
| 19.08.04 | 22.01.01 | 39.05.09 | 48.15.31 |
| 19.08.09 | 22.02.01 | 39.06.29 | 48.15.32 |
| 20.01.00 | 22.02.09 | 39.07.12 | 48.21.10 |
| 20.02.01 | 22.03.01 | 39.07.36 | 48.21.52 |
| 20.02.02 | 22.03.09 | 39.07.39 | 58.01.10 |
| 20.02.03 | 22.10.00 | 39.07.49 | 58.01.20 |
| 20.02.04 | 25.01.01 | 39.07.64 | 58.02.10 |
| 20.02.05 | 27.08.20 | 39.07.65 | 58.02.20 |
| 20.02.06 | 29.04.50 | 39.07.73 | 58.02.30 |
| 20.02.07 | 30.03.44 | 39.07.74 | 58.02.40 |
| 20.02.09[1]) | 30.05.00 | 39.07.78 | 58.02.50 |
| 20.03.00 | 33.04.01 | 40.08.02 | 58.02.60 |
| 20.04.00 | 33.04.02 | 40.09.09 | 58.02.70 |
| 20.05.01 | 33.04.03 | 40.11.10 | 58.02.80 |
| 20.05.02 | 33.04.09 | 40.11.20 | 58.02.90 |
| 20.05.03 | 34.07.00 | 40.11.40 | 58.03.00 |
| 20.05.09 | 36.02.00 | 40.11.50 | 59.02.10 |
| 20.06.10 | 36.04.00 | 40.11.61 | 59.06.02 |
| 20.06.20 | 38.14.00 | 40.11.69 | 59.08.01 |
| 20.07.11 | 38.19.31 | 40.12.00 | 59.10.00 |
| 20.07.19 | 38.19.32 | 40.13.01 | 59.11.02 |
| 20.07.20 | 38.19.35 | 40.14.06 | 59.11.09 |
| 20.07.30 | 39.01.25 | 40.14.08 | 59.12.09 |
| 20.07.40 | 39.01.35 | 41.06.00 | 59.15.00 |
| 20.07.50 | 39.01.44 | 42.03.03 | 62.05.01 |
| 20.07.60 | 39.01.45 | 42.05.03 | 62.05.04 |
| 20.07.70 | 39.01.54 | 42.06.00 | 62.05.05 |
| 21.02.11 | 39.01.69 | 44.03.42 | 62.05.07 |

1) Þó ekki kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 65.01.00 | 73.27.01 | 78.05.00 | 84.11.49 |
| 65.02.00 | 73.27.02 | 78.06.09 | 84.12.00 |
| 65.07.00 | 73.27.09 | 79.04.00 | 84.13.09 |
| 66.01.00 | 73.29.02 | 79.06.01 | 84.15.20 |
| 66.02.00 | 73.29.09 | 79.06.02 | 84.15.31 |
| 66.03.00 | 73.32.00 | 79.06.03 | 84.15.32 |
| 68.03.00 | 73.33.00 | 79.06.05 | 84.15.42 |
| 68.04.00 | 73.34.01 | 79.06.09 | 84.17.10 |
| 68.06.00 | 73.34.09 | 80.05.00 | 84.18.12 |
| 68.07.00 | 73.35.09 | 80.06.02 | 84.18.13 |
| 68.08.09 | 73.36.11 | 82.01.09 | 84.18.21 |
| 68.10.01 | 73.36.12 | 82.02.00 | 84.18.22 |
| 68.12.01 | 73.36.13 | 82.03.10 | 84.18.29 |
| 68.12.02 | 73.36.14 | 82.03.20 | 84.18.39 |
| 68.14.00 | 73.36.20 | 82.03.30 | 84.19.21 |
| 68.16.01 | 73.36.30 | 82.04.00 | 84.22.19 |
| 69.04.00 | 73.38.11 | 82.05.00 | 84.22.21 |
| 69.05.00 | 73.38.12 | 82.08.00 | 84.22.29 |
| 69.07.00 | 73.38.19 | 82.09.01 | 84.22.39 |
| 69.08.00 | 73.38.23 | 82.09.02 | 84.22.41 |
| 69.09.00 | 73.38.29 | 82.12.01 | 84.22.49 |
| 69.10.00 | 73.40.47 | 82.12.09 | 84.22.50 |
| 69.11.00 | 73.40.56 | 82.13.01 | 84.22.69 |
| 69.12.00 | 74.07.09 | 82.13.09 | 84.22.79 |
| 70.11.00 | 74.08.00 | 82.14.00 | 84.23.10 |
| 70.12.00 | 74.10.00 | 82.15.00 | 84.23.21 |
| 70.14.02 | 74.15.00 | 83.01.01 | 84.23.22 |
| 70.15.00 | 74.16.00 | 83.04.00 | 84.23.29 |
| 70.16.00 | 74.17.00 | 83.06.09 | 84.23.30 |
| 70.17.09 | 85.01.40 | 83.08.00 | 84.23.40 |
| 70.18.00 | 74.18.10 | 83.11.00 | 84.23.50 |
| 70.20.20 | 74.18.20 | 83.13.04 | 84.23.61 |
| 70.20.32 | 74.19.06 | 84.06.39 | 90.17.10 |
| 73.10.12 | 75.04.00 | 84.06.70 | 84.23.69 |
| 73.10.13 | 75.06.02 | 84.08.31 | 84.23.70 |
| 73.10.21 | 75.06.03 | 84.08.39 | 84.40.50 |
| 73.13.51 | 76.03.01 | 84.08.41 | 84.40.61 |
| 73.17.00 | 76.06.09 | 84.08.49 | 84.40.69 |
| 73.18.19 | 76.07.00 | 84.08.60 | 84.40.72 |
| 73.18.22 | 76.10.01 | 84.09.00 | 84.51.10 |
| 73.18.29 | 76.11.00 | 84.10.10 | 84.51.21 |
| 73.20.02 | 76.12.00 | 84.10.20 | 84.51.29 |
| 73.20.03 | 76.15.10 | 84.10.39 | 84.51.31 |
| 73.20.09 | 76.15.20 | 84.10.49 | 84.51.39 |
| 73.23.02 | 76.16.04 | 84.10.50 | 84.52.10 |
| 73.24.00 | 76.16.13 | 84.10.69 | 84.52.20 |
| 73.25.01 | 76.16.15 | 84.11.19 | 84.52.30 |
| 73.25.09 | 77.02.00 | 84.11.29 | 84.52.40 |
| 73.26.00 | 77.04.20 | 84.11.30 | |

84.54.10
84.54.20
84.55.10
84.55.29
84.55.30
84.56.10
84.56.20
84.56.40
84.58.00
84.59.20
84.59.50
84.59.82
84.59.89
84.59.91
84.61.03
84.61.04
84.61.09
84.61.12
84.61.13
84.61.14
84.61.15
84.61.19
84.62.00
84.63.03
84.63.04
84.63.05
84.63.06
84.63.07
84.63.09
84.64.00
84.65.09
85.01.10
85.01.29
85.01.31
85.01.39
85.01.40
85.01.59
85.01.60
85.01.74
85.01.80
85.01.89
85.01.90
85.02.00
85.03.09
85.05.00
85.06.19
85.06.20
85.06.39
85.06.40
85.07.03
85.07.04
85.08.00
85.09.00
85.10.09
85.12.10
85.12.21
85.12.29
85.12.41
85.12.49
85.12.53
85.12.54
85.12.55
85.12.56
85.12.57
85.12.59
85.12.61
85.12.69
85.15.20
85.15.25
85.15.30
85.15.35
85.15.40
85.15.59
85.16.00
85.17.01
85.17.09
85.19.12
85.19.14
85.19.15
85.19.18
85.19.21
85.19.29
85.20.10
85.20.20
85.20.40
85.20.50
85.21.10
85.21.20
85.21.39
85.21.60
85.22.20
85.23.01
85.23.09
85.25.10
85.25.20
85.25.30
85.26.10
85.26.20
85.26.30
85.27.00
85.28.00
87.01.10
87.01.39
87.04.09
87.06.09
87.07.19
87.07.20
87.13.01
87.13.09
87.14.29
87.14.31
87.14.39
90.01.01
90.01.09
90.03.00
90.04.09
90.05.00
90.06.00
90.08.11
90.08.19
90.08.21
90.08.29
90.08.31
90.08.39
90.09.01
90.09.09
90.10.10
90.10.20
90.10.39
90.11.00
90.12.00
90.13.00
90.14.20
90.16.10
90.16.20
90.17.10
90.17.20
90.17.30
90.18.01
90.18.09
90.20.00
90.23.01
90.23.02
90.23.03
90.23.09
90.24.01
90.24.09
90.25.00
90.26.01
90.26.02
90.26.09
90.27.09
90.28.10
90.28.20
90.28.39
90.28.40
90.28.50
90.29.09
91.05.00
91.06.00
92.11.31
92.12.11
92.12.23
92.13.01
93.03.00
93.04.03
94.02.00
96.01.04
96.05.00
96.06.00
97.04.01
97.04.02
97.04.04
97.04.09
97.05.00
97.08.00
98.01.01
98.06.01

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 27.10.82 | 44.28.95 | 76.16.19 | 90.07.39 |
| 27.11.11 | 44.28.99 | 80.06.09 | 91.02.00 |
| 27.11.19 | 45.04.09 | 82.09.09 | 91.03.00 |
| 27.11.20 | 46.02.03 | 82.11.01 | 91.04.00 |
| 27.11.30 | 46.02.09 | 82.11.09 | 91.07.00 |
| 32.10.00 | 46.03.09 | 83.01.02 | 91.08.00 |
| 32.13.20 | 48.07.59 | 83.01.05 | 91.09.00 |
| 33.06.01 | 48.14.01 | 83.01.09 | 91.10.00 |
| 33.06.02 | 48.14.02 | 83.02.03 | 91.11.00 |
| 33.06.03 | 48.14.03 | 83.02.09 | 92.11.10 |
| 33.06.04 | 48.14.09 | 83.03.09 | 92.11.20 |
| 33.06.05 | 48.15.20 | 83.05.09 | 92.11.39 |
| 33.06.06 | 48.15.39 | 84.06.31 | 92.11.40 |
| 33.06.07 | 48.21.29 | 84.06.32 | 92.12.19 |
| 33.06.08 | 48.21.39 | 84.06.33 | 92.12.29 |
| 33.06.11 | 48.21.69 | 84.06.40 | 92.13.09 |
| 33.06.12 | 55.03.01 | 84.06.51 | 93.01.00 |
| 33.06.19 | 59.06.09 | 84.06.52 | 93.02.00 |
| 34.05.03 | 65.04.00 | 84.06.53 | 93.04.04 |
| 34.05.09 | 65.06.09 | 84.06.61 | 93.04.05 |
| 35.03.09 | 67.01.00 | 84.06.62 | 93.04.09 |
| 36.01.00 | 67.02.00 | 84.06.69 | 93.05.00 |
| 36.05.00 | 67.03.00 | 84.25.11 | 93.06.00 |
| 36.08.00 | 67.04.00 | 84.25.19 | 93.07.10 |
| 37.01.09 | 68.10.09 | 84.25.51 | 93.07.22 |
| 37.02.02 | 68.12.09 | 85.07.02 | 93.07.29 |
| 37.02.09 | 68.13.09 | 85.07.09 | 95.05.00 |
| 37.03.09 | 68.16.09 | 85.12.30 | 95.08.09 |
| 37.04.00 | 69.14.00 | 85.13.10 | 98.03.00 |
| 37.05.09 | 70.13.00 | 85.13.20 | 98.04.00 |
| 37.07.01 | 70.14.03 | 85.14.10 | 98.05.00 |
| 38.11.10 | 70.14.09 | 85.14.20 | 98.06.09 |
| 38.11.20 | 70.19.00 | 85.15.19 | 98.08.00 |
| 38.11.30 | 70.20.39 | 85.15.60 | 98.09.00 |
| 38.11.40 | 70.21.09 | 85.15.79 | 98.10.00 |
| 38.11.50 | 71.13.01 | 85.15.81 | 98.11.00 |
| 38.19.49 | 71.13.09 | 85.15.82 | 98.14.00 |
| 39.07.30 | 71.14.09 | 85.15.89 | 98.15.00 |
| 39.07.99 | 71.15.00 | 87.10.00 | 98.16.00 |
| 40.14.19 | 71.16.00 | 87.12.09 | 99.06.00 |
| 40.16.09 | 73.40.59 | 87.14.10 | |
| 42.05.09 | 74.19.09 | 87.14.49 | |
| 44.02.00 | 75.06.09 | 90.07.29 | |

## II. KAFLI
**Innflutningur.**

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Skal hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 78/1980 og sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex samkvæmt lögum nr. 26/1981, sbr. IV. kafla laga nr. 5/1982, skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

4. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr., eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald, sbr. þá 5. mgr. 15. gr.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma felt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds af sömu vörum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

III. KAFLI

**Innlend framleiðsla.**

6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi fá einhverja vinnslumerðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. skulu gilda um innlenda framleiðslu eftir því sem við getur átt. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. gr., á 83,33% heildsöluverðsins að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Svarar það til 20% og 25% af heildsöluverði að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald en án nokkus frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds, 32% og 40%, á tímabilinu 23. ágúst 1982 til 28. febrúar 1983, sbr. 2. gr., svarar það með sama hætti til 26,67% og 33,33% af heildsöluverði.

Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 5. gr.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

10. gr.

Allir þeir sem innheimta séstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta séstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1982 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1982 er 1. maí 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1982 er 1. ágúst 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982 er 1. nóvember 1982 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1982 er 1. febrúar 1983.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1983 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1983 er 1. maí 1983, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1983 er 1. ágúst 1983, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1983 er 1. nóvember 1983 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1983 er 1. febrúar 1984.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

## IV. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr.

10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar.

15. gr.

Hið hækkaða vörugjald sem skv. 2. gr. þessarar reglugerðar skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem nú verða gjaldskyldar, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar en undanþiggja birgðir innlendrar framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessarar reglugerðar verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku reglugerðar þessarar. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismunin sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða hinn 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldsskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga séstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald eins og það verður við breytingu gjaldsins skv. 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skila tveimur skýslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 79/1978, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breyting á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sé stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka

vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Við beitingu 3. málsliðar 4. gr. þessarar reglugerðar skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um séstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980, lög nr. 80/1980, lög nr. 82/1981 og lög nr. 79/1982 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 1983. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 19/1982, nr. 143/1982, 228/1982 og 462/1982.

*Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

23. ágúst 1982. Nr. 468.

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald, sbr. reglugerðir nr. 234 30. apríl 1981 og 244 8. maí 1981 um breyting á henni.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 83,33% heildsöluverðsins. Svarar það til 5,83% og 14,17% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.*

F. h. r.
**Höskuldur Jónsson.**

*Björn Hafsteinsson.*